

14. desember 1998/EJH/TM

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar.

Frá: Fjármálaráðuneytinu

1. Gjaldfrjáls akstur umfram 90.000 km.

Ef þungaskattskerfi á að vera einfalt og gagnsætt verður að gera kröfu til þess að undanþágur séu fáar. Meginmarkmið laga um fjáröflun til vegagerðar, er að greitt sé fyrir notkun vega, enda rennur þungaskattur til Vegagerðinnar til uppbyggingar og viðhalds vega. Ef fallast ætti á að veita aðilum sem aka umfram 90.000 km á ári frelsi til að velja um, í upphafi gjaldárs, hvort greiða eigi samkvæmt ökumæli eða fyrirfram ákveðna fjárhæð sem jafngildir 90.000 km akstri á ári og allt umfram það væri gjaldfrjálst gengur gegn tilgangi laganna um fjáröflun til vegagerðar og getur verið samkeppnishamlandi. Þeir sem aðallega aka umfram 90.000 km eru fyrirtæki á löngum vöruflutningaleiðum, sem í dag eru orðin fá en stór. Sjaldgæft er að um svokallaðir einyrkjar annist þessa flutninga. Gæti regla sem þessi gert slíkum aðilum erfitt fyrir að bjóða í verk sem eru utan við skipulagsbundna flutninga, þar sem stóru vöruflytjendurnir eiga auðvelt með að bjóða í aðra flutninga, ef akstur þeirra er það mikill að þeir eru undanþegnir gjaldskyldu. Að öðru leyti vísast til álits samkeppnisstofnunar nr. 4/1997.

2. Hækkun þyngdarmarka fasts gjalds í 5.000 kg.

Til er dæmi um 16 manna hóp bifreið sem er 2.600 kg að eigin þyngd og 4.600 kg að leyfðri heildarþyngd. Miðað við gildandi lög er slík bifreið ökumælisskyld og gjald fyrir hvern ekinn kílómeter er 6,74 kr. Ef lagt er fast gjald á slíka bifreið yrði það með 25% álagi 202.841 kr. Ef akstur ársins væri 60.000 km væri gjald fyrir hvern ekinn kílómeter þá ekki nema 3,38 kr. Munurinn er því 99,4%. Gjaldbyrði ökumælisskylds ökutækis væri 404.400 kr. Eins og áður hefur komið fram er tilgangur laganna að greitt sé fyrir notkun og slit á vegakerfinu. Ef reglum um fast gjald yrði breytt getur gjald fyrir hvern ekinn kílómeter orðið mjög lágt hjá bifreiðum í hópferðaakstri, sem að jafnaði er töluvert mikið ekið. Væru slíkir aðilar sem nýta þjóðvegakerfið hvað mest að greiða einna minnst fyrir notkunina. Það hlýtur að vera markmið hvernar lagasetningar, sérstaklega sem snýr að skattlagningu atvinnutækja, að koma í veg fyrir röskun á samkeppnismarkaði eins og kostur er. Með því að hleypa þyngri ökutækjum inn í fast gjald þungaskatts er verið að bjóða heim enn frekari röskun á samkeppni, bæði gagnvart stærri hópferðabifreiðum og gagnvart leigubifreiðum. Einnig gæti orðið röskun á samkeppni hjá sendibifreiðum. Ekki væri nóg að breyta ákvæðum um fast gjald og hækka þyngdarflokkinn í 5.000 kg. Í raun gengur breytingin út á að hækka lægstu mörk ökumælisskyldur úr 4.000 kg í 5.000 kg, þar sem leyfð heildarþyngd umræddra ökutækja er á bilinu 4.-5.000 kg og því ökumælisskyld en eigin þyngdin ekki nema um 2.500-3.000 kg. Það er ekki hlaupið að þeirri breytingu, þar sem rúmlega 4.000 ökutæki er í ökumælisskylda gjaldflokknum 4.000 – 4.999 kg.

3. 65% vörugjald af ökutækjum.

Á árinu 1997 var 65% vörugjald af ökutækjum rúmlega 555 m.kr. og á tímabilinu janúar – nóvember 1998 var fjárhæðin komin í rúmlega 478 m.kr. Ekki náðist að gera talningu á fjölda þeirra bifreiða sem búa að baki fjárhæðunum.

4. Fast gjald á slökkvibifreiðar.

Komið hefur fram erindi frá Félagi slökkviliðsstjóra um að 100.000 kr. fast árgjald sem lagt er á ökutæki yfir 14.000 kg að leyfðri heildarþyngd leggist mjög þungt á slökkviliðin í landinu. Er um að ræða tæki sem lítið eru notuð, standa óhreyfð nánast allt árið en þurfa ávallt að vera til taks ef kall kemur. Af þeim sökum geta slökkviliðin ekki nýtt sér innlagnareglur þær sem lagt hefur verið til að verði rýmkaðar. Fasta árgjaldið hækkar töluvert þann þungaskatt sem greiða þarf af þessum tækjum. Þar sem hér er um að ræða björgunartæki sem þurfa að vera til taks á ögurstundu og ávallt viðbúin og á skrá er lagt til að slökkvibifreiðar, sem falla undir vörulið 8705.3009 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, verði undanþegnar 100.000 kr. föstu árgjaldi þungaskatts.

Breytingartillaga:

Við B-lið 4. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Þó skal ekki greitt fast árgjald þungaskatts af slökkvibifreiðum, sem falla undir vörulið 8705.3009 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987.

5. Lækkun vörugjalds af "ofur-jeppum".

Fjármálaráðuneytinu barst fyrir stuttu erindi frá Addís, ferðaskrifstofu, sem sérhæfir sig í ferðum á fjöll á svokölluðum "ofur-jeppum". Farið er fram á verulega lækkun vörugjalda af slíkum bifreiðum. Sama erindi barst efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Hvað varðar erindi sem þetta er að mörgu að hyggja og óheppilegt að ráðast í breytingar sem hafa ófyrirséðar afleiðingar. Í þessu sambandi er rétt að benda á að um er að ræða "almenn" farartæki sem hefur verið breytt. Engin almenn og sérstök skilgreining er á þeim hvorki í tollflokkum né bifreiðasrkáningu. Má því gera ráð fyrir skilgreiningarvandamálum. Breytingin gæti orðið til þess að skapa misræmi. Hluti þeirra bifreiða sem um ræðir eru í eigu einkaaðila sem leigja þá ferðaskrifstofum. Breytingartillagan er miðuð við hugmyndir að breyttum lögum um skipulag fólksflutninga sem ekki er orðið að lögum og því ótraust að miða við. Ráðlegra er að skoða mál þetta í góðu tómi og meta þau atriði sem til skoðunar eru í þessu máli. Um er að ræða bifreiðar sem eru til þess fallnar að vera í almennri umferð og til nota á hálendinu, þar sem aðrar venjulegar bifreiðar komast ekki. Að því leyti getur verið erfitt að fylgjast með notkun þessara bifreiða, þ.e. hvort þær séu aðallega notaðar utan vega eða aðallega í þéttbýli og einstaka sinnum á fjöllum. Með hliðsjón af því og skömmum fyrirvara er lagt til að mál þetta standi óbreytt um sinn og verði skoðað betur og metið hvort ástæða sé til að verða við óskum um breytingar.

6. Endurgreiðsla bifreiðagjalds.

Drög að ákvæði til bráðabirgða, við lög nr. 39/1988, með síðari breytingum:

"Greiðendur bifreiðagjalds sem greiddu hærra gjald en 36.200 kr, á 2. gjaldtímabili 1998, skal endurgreiddur mismunurinn á 36.200 kr og þeirri fjárhæð sem þeir greiddu."